

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárin 2015 og 2016

Þessi síðustu tvö ár (og reyndar enn lengur) hefur langmest starf Tölvunefndar snúist um hina nýju útgáfu mótahugbúnaðar okkar þar sem ekki bara Sportfengur heldur einnig Kappi verður veflægur. Nefndin sjálf hefur haldið tvo fundi á þessum tíma og þegar þetta er skrifað er fyrirhugað að fundur verið haldinn í nefndinni í lok september. Formaður nefndarinnar hefur að auki setið fjölmarga fundi með forriturum Tölvudeildar Bændasamtakanna þar sem vinna við hina nýju útgáfu fer fram.

Í ársbyrjun 2015 gaf Tölvudeildin út útgáfuáætlun þar sem gert var ráð fyrir að ný útgáfa sæi dagsins ljós í byrjun árs 2016. Áætlunin stóðst enganvegin þar sem vinnan reyndist mun yfirgripsmeiri en upphaflega var áætlað. Forritunarvinnan hefur þó verið í fullum gangi og verkinu hefur miðað þokkalega, sérstaklega á yfirstandandi ári. Þegar þessi skýrsla er sett á blað er nefndin rétt um bil að fá prufuaðgang að hlutum kerfisins og má reikna með að í haust fari mikil vinna í prófanir. Nefndarmenn binda miklar vonir við hina nýju útgáfu og treysta því að hún verði komin í notkun í byrjun næsta keppnistímabils.

Við fengum þó enn einu sinni nýja útgáfu af Kappa (af gömlu gerðinni þó) í maí 2015 þar sem aðallega höfðu þrjú atriði verið löguð: villa í röðun í gæðingaskeiði, röng röð gangtegunda á eyðublöðum dómara og útreikningur á samanlögðum sigurvegurum sem aldrei hefur verið réttur. Þessi útgáfa hefur númerið 2.1 og virðist að mestu leiti hafa tekist vel til. Þó kom í ljós síðar á sama ári að enn geta komið upp villur í útreikningum á samanlögðum sigurvegurum. Ekki er reiknað með að fleiri útgáfur komi af Kappa.

Sumarið 2015 voru gerðar verulegar endurbætur á WR skýrslunni en það er skýrsla sem tekin er út úr SportFeng að WR móti loknu. Skýrslan er send rafrænt inn í sérstakan netþjón á vegum FEIF. Þessi nýja skýrsla var unnin í náinni samvinnu milli formanns Tölvunefndar og „Director of Sport“ hjá FEIF. Vonir standa til að í framhaldinu verði mun einfaldara og fljótlegra að ganga frá þessum skýrsluskilum.

Á hverju keppnistímabili leggja nefndarmenn af mörkum mikla vinnu við að leiðbeina og aðstoða notendur hugbúnaðarins, aðallega símleiðis. Ekki hefur dregið úr þessu. Aðeins eitt námskeið hefur verið haldið á þeim tíma sem hér um ræðir en það var haldið á Sauðárkróki vorið 2016 vegna eindreginna óska Skagfirðinga. Væntanlega þurfum við hins vegar að leggja í mikið námskeiðahald á komandi vetri þegar nýja útgáfan verður tekin í notkun. Einnig er reiknað með að unnið verði að gerð nýrra leiðbeininga.

Þetta fólk skipar nú Tölvunefnd LH: Ágúst Guðjónsson, Eypór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í september 2016,

Þórður Ingólfsson